



Myndbönd og myndbandssannanir

1. grein

Dómarar leikja geta nýtt sér myndbandsupptökur til lokaákvörðunar um dóma í leikjum sem eru í beinni sjónvarpsútsendingu sé slíkt í boði. Þrátt fyrir þessa heimild er skulu dómarar í einu og öllu fara eftir leikreglum IHF í sínum ákvörðunum og er ekki um að ræða breytingu á þeim reglum og viðmiðunum sem nú gilda.

2. grein

Dómarar geta eingöngu nýtt sér myndbandsupptöku strax eftir viðkomandi atvik og aðeins við eftirfarandi aðstæður:

1. Mark eða ekki mark - ákvörðun um hvort að allur boltinn hafi farið yfir alla marklínuna.
2. Mark eða ekki mark - ákvörðun um hvort að leiktími hafi runnið út áður en allur boltinn fór yfir alla marklínuna. (Lok hálfleikja og framlenginga.)
3. Alvarleg óíþróttamannsleg atvik: utan sjónsviðs dómara; og fjarri bolta.
4. Í þeim tilvikum að vafi er á því hvaða eða hvort leikmanni skuli refsað með útilokun (rauðu spjaldi).
5. Í þeim tilvikum að fleiri en tveim leikmönnum lendir saman (hópslagsmál).
6. Ef um er að ræða ranga skiptingu eða of marga leikmenn á vellinum og vafi leikur á því hvaða leikmaður sé brotlegur.
7. Þegar um er að ræða atvik sem falla undir reglu 8.10c eða 8.10d og dómarar eru í vafa um hvað skal dæmt (bolti úr eða í leik).
8. Í þeim tilvikum að dómarar eru í vafa hvort um brot sé að ræða eða leikaraskap til að villa um fyrir þeim.

3. grein

Í öllum tilvikum verða dómarar að taka ákvörðun byggða á mati þeirra og eru þær ákvarðanir endanlegar. Myndbandsupptöku ætti aðeins að nota ef vafi er á einhverju af ofangreindum atriðum í 2. grein og ætti að líta á sem viðbótaraðstoð til að komast að réttri niðurstöðu. Eftirlitsmaður getur aðeins notast við myndbandssönnun í tilvikum sem falla undir 6. tl. 2. greinar. Eftirlitsmaður getur hins vegar beðið dómara um að nýta sér myndbandssönnun ef hann telur að atvik hafi gerst utan sjónsviðs dómara skv. 3 tl. sömu greinar

4. grein

Ferlið við notkun á myndbandssönnunum er sem hér segir:

Rétthafi útsendinga setur upp skjá með heyrnartóli á viðeigandi stað í salnum eins nálægt ritaraborðinu og mögulegt er. Vilji dómarar nota myndbandssönnun, gefa þeir merki um leikstöðvun og með því að teikna ferning með höndunum sýna þeir að þeir óski eftir að nota myndbandssönnun. Dómarar fara að skjánum og fá samband við stjórnanda útsendingar og í samráði við hann finna þeir atvikið eins og það kemur fram í upptökunni.

Dómarar skulu taka ákvörðun eins hratt og mögulegt er.

5. grein

Reglur þessar taka gildi þegar í stað.

Október 2018

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands

